

Skrifstofa landgæða og dýraheilsu
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Norðurland vestra, 17. október 2025

Efni: Umsögn um Drög að frumvarpi til laga um breytingu á búvörulögum (framleiðendafélög). Mál nr. S-191/2025.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) hafa kynnt sér drög að frumvarpi til laga um breytingu á búvörulögum (framleiðendafélög), mál nr. 191/2025, og vilja með þessari umsögn lýsa verulegum áhyggjum af þeim áhrifum sem frumvarpið gæti haft á íslenskan landbúnað og atvinnulíf í dreifðum byggðum.

Frumvarpið felur í sér tillögur sem myndu takmarka möguleika framleiðendafélaga til samstarfs og hagræðingar í rekstri afurðastöðva fyrir kjöt- og mjólkurafurðir. Þessar tillögur ganga þvert gegn þeirri þróun sem hefur átt sér stað síðustu áratugi þar sem bændur hafa með aukinni samvinnu og skipulagsbreytingum náð fram verulegri hagræðingu og styrkt stöðu íslenskrar búvöruframleiðslu. Með breytingum á 71. gr. búvörulaga fyrir tæplega 25 árum síðan var stigið mikilvægt skref til að gera mjólkuriðnaðinum kleift að nýta kosti stærðarhagkvæmni og tækniframfara, sem hefur leitt til lægri framleiðslukostnaðar og aukinnar verðmætasköpunar — bæði fyrir bændur og verði til neytenda++

Sama gildir um breytingar sem samþykktar voru með lögum nr. 30/2024, sem heimiluðu samstarf og sameiningar innan kjötiðnaðarinnar. Þær breytingar voru mikilvægur áfangi í að skapa grundvöll fyrir hagkvæmari og sjálfbærari rekstur afurðastöðva, sem hefur þegar sýnt jákvæð áhrif á afkomu bænda og verði til neytenda.

Með nýjum tillögum ráðuneytisins er hins vegar verið að hverfa til baka, loka á frekari hagræðingu og draga úr möguleikum til þróunar í greininni. Það mun veikja samkeppnisstöðu íslenskra bænda, torvela framleiðslufyrirtækjum að mæta kröfum nútímans um sjálfbærni, nýtingu tækni og hagkvæmni, og um leið vinna gegn markmiðum stjórnvalda um aukna verðmætasköpun í innlendri matvælaframleiðslu.

SSNV leggur áherslu á að landbúnaður sé einn af hornsteinum atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins og grundvallarþáttur í fæðuöryggi þjóðarinnar. Á Norðurlandi vestra eru margir stærstu framleiðendur landsins starfandi, og því yrðu áhrif slíkrar lagabreytingar sérstaklega alvarleg á atvinnu og byggðapróun á svæðinu.

Samtökin taka undir sjónarmið Bændasamtaka Íslands og annarra hagsmunaaðila þess efnis að slík breyting á jafn veigamiklum lögum og búvörulögum verði að fara fram í víðtæku samráði við greinina sjálfa — þar á meðal Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í landbúnaði og framleiðendafélög víðs vegar um landið.

SSNV hvetur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eindregið til að endurskoða drögin og vinna frekar með hagsmunaaðilum að því að finna lausnir sem styðja áframhaldandi hagræðingu, nýsköpun og samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar — ekki draga úr henni.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri